

## Öryggisleiðbeiningar varðandi umgengni um heita potta og vaðlaugar Borgarplasts

### Almennt

Borgarplast framleiðir heita potta, lok á þá og vaðlaugar fyrir börn. Búnaður þessi er ætlaður fyrir hitaveituvatn. Pottarnir eru fyrir 4-5 fullorðna og taka 1250 l af vatni, brúttó.

Hitastig vatns í heita potta og vaðlaugar má ekki fara yfir 44°C. Því má hámarks innrennslishiði í slíkan búnað aldrei fara yfir 55°C. Bæði þessi hitastig ættu að vera sjálfvirk. Ófrískum konum er ráðlagt að fara ekki niður í heitara vatn er 36-37°C. Yfirhitaskynjara skal komið fyrir sem stöðvar innrennslíð í pottinn, verði vatnið of heitt. Upplýsingar um sum þessara atriða er hægt að finna á svo kölluðum Rb-blöðum (há Nýsköpunarmiðstöð Íslands).

Einnig leggur Borgarplast til tillöguuppdrátt að tengingum pípulagna og frostvörnum við pottinn. Til er a.m.k. tvennskonar búnaður og stýringar á heitu vatni þ.e. annars vegar svokallaður on/off búnaður og hins vegar hliðrænn (analog). Niðurfallsristar heitra potta skulu vera þannig úr garði gerðar að fólk, og þá sérstaklega börn, geti ekki sogast að þeim með hættu á að þau sogist á kaf. Heitir pottar skulu vera búnir læsanlegu loki og eru pottar Borgarplasts með möguleika á að koma fyrir slíkum búnaði.

Heitir pottar eiga að ná minnst 400 mm yfir aðliggjandi umhverfi hvort heldur það er jarðvegsyfirborð eða tréþallur. Utan um heitan pott skal hafa 900 mm háa girðingu með sjálflokandi hliði sem opnast frá heitapottinum. Áriðandi er að frágangur pottsins sé traustur og álagsfletir undir pottinum hvíli á rétt byggðum undirstöðum þar sem fullur pottur getur vegið yfir 1300 kg með eigin vigt. Pottum Borgarplasts fylgir tillaga að slíkum frágangi í tréþalli.

Heitir pottar eru úttektarskyldir af hálfu byggingarfulltrúa sem þýðir að uppdráttá er þörf af hálfu lagna-, raf-, fráveitu- og burðarþolshönnuða viðkomandi byggingar svo og faglærðra iðnaðarmanna, trésmiða, pípara og rafvirkja sem eiga að annast verkið og skila því af sér útteknu af hálfu byggingarfulltrúa og bera fulla ábyrgð verka sinna gagnvart húseiganda.

Uppsetning heitra potta er alltaf á ábyrgð húseigandans hvað varðar að öryggiskröfum sé fullnægt. Sama gildir um heita potta og vaðlaugar að:

- a) börn skulu ekki vera eftirlitslaus niðri í slíkum búnaði,
- b) búnaðurinn getur fyllst af rigningarvatni og skapað hættu og
- c) ekki skal láta börn hleypa heitu vatni í búnaðinn, m.a vegna hættu á að börn brenni sig, sérstaklega ef verið er að nota slöngur.

### Umgengni um heitapotta og vaðlaugar

1. Þegar heitir pottar eru ekki í notkun er best að hafa þá læsta og alltaf ef vatn er í þeim.
2. Hengið upp öryggis- og umgengnisreglur um heita pottinn og vaðlaugina á áberandi stað.
3. Ekki má frjósa í pottinum eða vaðlauginni. Vatn þenst út við að frjósa og getur skemmt pottinn.
4. Notkun rafmagnstækja við heita potta og vaðlaugar er stranglega bönnuð.
5. Varast skal óhóflega notkun áfengis og /eða annarra vímuefna í heitum pottum.
6. Heita potta skal ávallt þrifa vandlega eftir notkun og í sumum tilfellum einnig fyrir notkun.
7. Að vetri til getur orðið hált í kringum heita potta því ber að fara varlega og koma upp hálkuvörnum.